



Fundargerð

Fundur í Skipulags-, - hafnar- og húsnæðisnefnd
mánudaginn 05.11.18 kl. 10:00.
Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Jóhanna Ösp Einarisdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson byggingarfulltrúi og Tryggvi Harðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár:

Hann óskaði eftir að taka á dagskrá, undir önnur mál, umsögn um breytingar á vegalögum sem snúa að þjóðferjuleiðum.

1. Skipulagsmál - deiliskipulag:

Rætt um deiliskipulag fyrir stærri byggingar. Skipulagsstjóra falið að skoða málið.
Einnig farið yfir stöðu aðalskipulags og fyrirhugaðar eða hugsanlegar breytingar á því.

2. Vestfjarðarvegur:

Lagt fram minnisblað frá Skipulagsstofnun dagsett 5. nóv. 2018. Hún leggur til að gerð verði valkostaskýrsla á þeim kostum sem til greina koma. Nefndin tekur undir álit Skipulagsstofnunar og vísar málinu áfram til sveitarstjórnar.
Fundur verður á morgun, 6. nóv. með Multiconsult, Alta og VSÓ.

3. Fundur með Framfarafélagi Flateyjar:

Kynnt fundarboð með Framfarafélagi Flateyjar, Alta og Minjastofnun næstkomandi föstudag.

4. Húsnæðismál - umsóknir:

Lagðar fram tvær umsóknir um lóðir. Bergþór O. Thorsteinsson sækir um lóðina Hellisbraut 40 og Embla Dögg Bachmann og Styrmir Gíslason sækja um lóðina Reykjabraut 6.
Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ofangreindum verði úthlutað lóðum sem sótt var um að uppfylltum gildandi skilyrðum.

5. Gjaldskrá hafna:

Sveitatstjóra falið að undirbúa tillögur að gjaldskrá hafna fyrir gerð fjárhagsáætlunar.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs:

Rætt um gerð frjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

7. Önnur mál:

- a. **Umsögn um frumvarp til vegalaga:** Samþykkt að fela sveitarstjóra að senda inn jákvæða umsögn varandi breytingu á vegalögum um þá skilgreiningu, að ferjuleiðir til byggðra eyja, falli undir þjóðvegakerfið.
- b. **Fundargerð síðasta fundar:** Lögð fram, samþykkt og undirrituð.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.11
